

Nd.

39. Frumvarp til laga

[39. mál]

um breyting á lögum nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Velja skal úr umsækjendum um stöðu eftir því, hver umsækjendanna verður með rökum talinn hafa til að bera mesta hæfileika, þekkingu, dugnað, reglusemi og samvirkusemi til að rækja stöðuna og aðra verðleika til að hljóta hana. Til verðleika skulu teljast námsafrek, einkum þegar valið er á milli ungra og að öðru leyti lítt reyndra umsækjenda, en síðan skal frammar öðru lítið til þess, hverrar reynslu umsækjandi hefur aflað sér í sams konar eða sambærilegu starfi, einkum í opinberri þjónustu, og við hvern orðstír hann hefur gegnt slíku starfi. Ef engum tillöguaðila er til að dreifa, skal sá, er veitir stöðuna, gera úr garði skriflega rökstudda grein fyrir veitingunni.

Nú er ákveðið, að stöðu skuli veita að fenginni tillögu um veitinguna, og gerir þá ráðherra (forstöðunefnd, forstjóri) úr garði skriflega rökstudda grein fyrir þeirri ráðstöfun sinni.

Umsækjendur um stöðu eiga rétt á að fá vitneskju um, hver tillaga hefur verið gerð um veitingu hennar, og sé staðan veitt öðrum umsækjanda en þeim, sem tillaga hefur verið gerð um að veita hana, á sá umsækjandi, sem þannig hefur verið gengið fram hjá, rétt á að fá í hendur eftirrit tillögunnar um veitingu stöðunnar, að svo miklu leyti sem hann sjálfan varðar, svo og rökstuðning ráðherra (forstöðunefndar, forstjóra) fyrir veitingunni. Þegar staða er veitt án fenginnar tillögu um veitingu hennar, eiga þeir umsækjendur, sem fram hjá hefur verið gengið, rétt á að fá í hendur eftirrit greinargerðar aðila um veitinguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi, er frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var til meðferðar í neðri deild, fluttum við þm. Þjóðvarnarflokksins breytingartillögu við 5. gr. frv., samhljóða þeirri breytingu, er við leggjum nú til að gerð verði á lögunum. Var sú breytingartillaga einkum rökstudd með því, að óskorað veitingavald í höndum pólitísku ráðherra væri varhugavert og jafnvel hættulegt, svo sem dæmi sanna. Bæri því nauðsyn til að setja veitingavaldinu þær skorður, sem eðlilegar þættu, og fá lögfest ákvæði um það, eftir hverjum meginreglum ráðherra bæri að fara við stöðuveitingar, svo að það yrði tryggt eftir föngum, að stöður séu veittar eftir hæfni manna og þekkingu, en ekki geðþótta stjórnmalamanna. Stjórnarflokkarnir töldu ekki ástæðu til að lögfesta þau ákvæði, sem hér um ræðir, og var tillaga okkar felld.

Síðan hafa gerzt þau tíðindi í sambandi við stöðuveitingar, sem sanna glögglega, að brýn þörf er á auknu aðhaldi í þessum efnum. Er þess að vænta, að fleiri alþingismenn en áður hafi öðlazzt skilning á nauðsyn þess, að skorður verði reistar við því með löggjöf, að ofstopafullir og einræðishneigðir ráðherrar meti að engu verðleika umsækjenda, en troði í stöður pólitískum skjólstæðingum sínum. Á þessu hausti hefur dagblaðið Tíminn, aðalmálgagn annars stjórnarflokksins, Framsóknarflokksins, hvað eftir annað gagnrýnt harðlega ýmsar embættaveitingar núverandi menntamálaráðherra. Viljum við með flutningi frv. þessa reyna til nokkurrar hlítar, hvort nýliðnir atburðir hafa ekki opnað augu framsóknarmanna og annarra þingmanna fyrir nauðsyn þess, að lögfestar verði hóflegar reglur um stöðuveitingar.